

Ár 1977, þriðjudaginn 26. apríl, var í málinu nr. 2/1977 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 20. janúar 1977, kærði Þórarinn Guðmundsson fyrir hönd húsfélagsins Lundarbrekku 6-8 í Kópavogi, yfir álagningu fasteignaskatts á nefndar fasteignir árið 1977. Er kæran reist á því, að Kópavogskaupstað skorti heimild til að nota gamla fasteignamatið til álagningar.

Heimild til álagningar fasteignaskatts árið 1977 ræðst af skýringu 2. gr. laga nr. 115/1976 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en ákvæði greinarinnar er svohljóðandi:

„Ákvæði til bráðabirgða:


Á árinu 1977 er ekki heimilt að hækka gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna er gilti fyrir 31. desember 1976, að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati."

Ofangreint ákvæði verður að skýra svo, að við álagningu fasteignaskatts árið 1977 skuli leggja núgildandi fasteignamat til grundvallar, þ.e. nýtt fasteignamat samkvæmt augl. fjármálaráðuneytisins nr. 412 frá 21. desember 1976. Jafnframt eru í umræddu ákvæði fyriræli um hámark fasteignaskatts ársins 1977. Að því leyti ber að skýra ákvæðið svo, að það feli í sér reglur um ákvörðun þeirrar hlutfallstölu eða þess álagningarstuðuls, sem beita megi við álagningu fasteignaskatts á grundvelli nýja fasteignamatsins. Samkvæmt því má nefnd hlutfallstala eða álagningarstuðull ekki vera svo há, að hún leiddi almennt til hærri niðurstöðu en fengist, ef fasteignaskattur væri lagður samkvæmt reglum 3. gr. laga nr. 8/1972 á eldra fasteignamat með 236% álagi. Verður 2. gr. laga nr. 115/1976 heldur ekki skýrð svo, að hróflað sé við álagsheimild sveitarfélaga samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972.


Samkvæmt framansögðu ber út af fyrir sig að fallast á þá skoðun kæranda, að álagningarstofninn eigi að vera nýja fasteignamatið, sbr. augl. fjármálaráðuneytisins nr. 412 frá 21. desember 1977, en ekki eldra fasteignamat. Athugun leiðir hins vegar í ljós, að álagning fasteignaskatts á fasteignir þær, sem hér um ræðir, er engu að síður innan þeirra lögmæltu marka, sem að framan hefur verið lýst. Verður kæran því ekki tekin til greina.

ÚRSKURÐARORÐ:

Framangreind kæra er ekki tekin til greina.


Torfi Asgeirsson.


Gaukur Jörundsson.


Pétur Stefánsson.